

VIÐAUKI I
Þ I N G S K Ö P
Landsþings hestamannafélaga

Upphaf þings

1. grein

- 1.1 Formaður stjórnar Landsambands hestamannafélaga setur þing og stýrir fundi þar til kosning embættismanna þingsins, þ.e. forseta, varaforseta, þingritara og varaþingritara sbr. 6. grein laga LH, hefur farið fram.
- 1.2 Að kosningu lokinni skulu formaður og gjaldkeri flytja skýrslur sínar og að því búnu skulu leyfðar almennar umræður.
- 1.3 Kjörbréfanefnd skal leggja fram tillögur sínar áður en mál þingsins eru lögð fram.
- 1.4 Að loknum umræðum um skýrslu stjórnar og atkvæðagreiðslu um reikninga skulu kosnar starfsnefndir ásamt formönnum samkvæmt 6 gr. laga LH.
- 1.5 Stjórn LH ræður þinginu skrifstofustjóra úr hópi starfsmanna LH.
- 1.6 Skrifstofustjóri þingsins er forseta til aðstoðar við þinghaldið. Hann annast m.a. skráningu þingskjala, umsjón með skrifstofuvinnu vegna þinghaldsins, útgáfu og dreifingu þingskjala.

Verksvið þingforseta

2. grein

- 2.1 Áður en gengið er til dagskrár, skal þingforseti kanna, hvort löglega hafi verið boðað til þings og úrskurða um lögmæti þess, sbr. gr. 4 laga LH.
- 2.2 Sé þing lögmætt, skal gengið til dagskrár og þingstörf hafin sbr. gr. 4 laga LH.
- 2.3 Sé boðun þings áfátt skv. úrskurði þingforseta, skal hann rökstyðja þann úrskurd og síðan slíta þingi án frekari umræðna.

3. grein

- 3.1 Þingforseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Ef ræðumaður heldur sig ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð, varðar það áminningu þingforseta, sem þá hefur vald til að svipta ræðumann málfrelsi á þeim fundi í því máli sem til umræðu er.
- 3.2 Vilji forseti taka þátt í umræðum, frekar en staða hans gefur tilefni til, skal varaforseti stjórna fundi á meðan.
- 3.3 Þingforseti sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðarbók og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær fengu.
- 3.4 Þingforseti og þingritari undirrita fundargerðir, eftir að hafa gengið úr skugga um, að allt sé þar rétt til bókar fært. Fundargerðin þannig undirrituð skal síðan send öllum aðildarfélögum.

4. grein

- 4.1 Í öllum forföllum þingforseta gengur varaforseti þingsins að öllu leyti í hans stað, eftir hans ákvörðun.

Þingritari

5. grein

- 5.1 Þingritari ritar gerðarbók undir umsjón þingforseta og getur í henni allra mála, sem rædd eru á þinginu og hver meðferð þeirra og niðurstaða varð.

Nefndir

6. grein

- 6.1 Stofna má nefnd í hvaða máli sem er. Kosning skal bundin við tilnefningar og tala nefndarmanna að jafnaði standa á stöku. Nefndarmenn skulu vinna að nefndarstörfum svo fljótt og samviskusamlega sem frekast er unnt.
- 6.2 Eins fljótt og við verður komið skal forseti þingsins halda fund með formönnum allra nefnda og ganga frá vísun tillagna til nefnda. Málum, sem lögð eru fram á þinginu, skal vísað til nefndar umræðulaust.
- 6.3 Í upphafi fundar hveðrar nefndar skal kosinn ritari.
- 6.4 Nefnd lætur uppi álit sitt og skal fjölrita það og útbýta því meðal þingfulltrúa áður en málið er tekið til umræðu á þinginu.

7. grein

- 7.1 Nefnd getur lagt til, með rökstuðningi, að málum sem vísað er til hennar, verði tekin út af dagskrá þingsins og vísað til stjórnar LH. Um slíka tillögu fer atkvæðagreiðsla fram umræðulaust

Umræður

8. grein

- 8.1 Mál sem tekin eru fyrir skulu standast 4. gr. laga LH.
- 8.2 Komi fram fyrirspurnir til stjórnar eða starfsmanna LH má forseti ákveða eina umræðu um þær. Sá, sem fyrirspurninni er beint til, hefur sama rétt til ræðutíma og framsögumenn nefnda.
- 8.3 Þingfulltrúi, sem óskar að taka til máls, skal að fengnu leyfi þingforseta, standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, nema sérstakur ræðustóll sé til þess ætlaður.
- 8.4 Þingfulltrúar skulu flytja mál sitt málefnalega, halda sér við það málefni, sem til umræðu er.
- 8.5 Þingfulltrúar mega ekki taka til máls oftari en þrisvar sinnum í hverju máli. Jafnan er þó heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarsköp eða til að bera af sér sakir.

Um reglur á þingfundum

9. grein

- 9.1 Þingforseti gefur þingfulltrúum venjulega leyfi að taka til máls í þeirri röð, er þeir óska þess. Hann getur þó vikið frá þessari reglu varðandi framsögumann og til þess að fulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snerta hann sjálfan.

10. grein

- 10.1 Skyld er þingfulltrúum og öðrum, er rétt hafa til að sitja þingið, að lúta valdi forseta í öllu er lýtur að því að gætt sé góðrar reglu.

- 10.2 Þingforseti sér um að allt fari löglega fram. Hann úrskurðar um skilning þingskapa. Að ósk 5 eða fleiri þingfulltrúa, skal hann skjóta slíkum úrskurði til þingsins.
- 10.3 Ekki má lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.
- 10.4 Þingforseta er heimilt að gera fundarhlé, hvenær sem hann álitur það nauðsynlegt, eða fresta þingfundi.

11. grein

- 11.1 Dragist umræður úr hófi, getur forseti lagt til að þeim verði hætt og sker fundurinn úr því með atkvæðagreiðslu án frekari umræðu. Sömuleiðis geta 15 eða fleiri fulltrúar krafist slíkrar atkvæðagreiðslu.
- 11.2 Komi fram dagskrártillaga, þ.e.a.s. tillaga um að umræðum skuli hætt og tekið fyrir næsta mál á dagskrá án atkvæðagreiðslu um hið fyrra mál, skal slík tillaga þegar í stað borin undir atkvæði án umræðu.
- 11.3 Sérhver þingfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og þingið hefur úrskurðarvald um.
- 11.4 Tillögur skulu vera skriflegar. Þær má afturkalla hvenær sem er, hafi ekki verið greidd um þær atkvæði.

12. grein

- 12.1 Komi fram breytingartillaga, ein eða fleiri, við aðaltillögu, skal fyrst bera upp þá þeirra, er lengst gengur, en loks aðaltillögu með áorðnum breytingum, hafi þær verið samþykktar.
- 12.2 Viðaukatillögu skal bera upp á eftir aðaltillögu.
- 12.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé áskilið í lögum samtakanna eða heimilað í þingsköpum þessum.

Atkvæðagreiðslur

13. grein

- 13.1 Forseti stýrir atkvæðagreiðslu og kveður menn sér til aðstoðar eftir þörfum til að telja saman atkvæði.
- 13.2 Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með handaruppréttingu, nema þar sem annað er ákveðið í lögum sambandsins.
- 13.3 Ef 15 þingfulltrúar eða fleiri óska þess skal atkvæðagreiðsla þá fara fram með nafnakalli. Ennfremur er forseta heimilt að endurtaka atkvæðagreiðslu með nafnakalli ef hann telur þess þörf.
- 13.4 Atkvæði skal greiða skriflega, sé þess krafist af a.m.k. 15 fulltrúum. Ennfremur er forseta heimilt að endurtaka skriflega atkvæðagreiðslu ef hann telur þess þörf.
- 13.5 Forseti tilnefnir tvo menn eða fleiri til að telja saman atkvæði.
- 13.6 Hafi úrslit atkvæðagreiðslu ekki verið skýr, lætur þingforseti aftur ganga til atkvæða.
- 13.7 Sé atkvæðagreiðsla skrifleg, má aðeins gefa beint svar við því, sem atkvæða er leitað um, ella er atkvæðið ógilt.

14. grein

- 14.1 Þyki þingfulltrúum ekki ástæða til að gera ályktun um mál, geta þeir vísað því til stjórnar sambandsins eða millipinganefndar.

15. grein

- 15.1 Eftir uppástungu þingforseta eða 15 þingfulltrúa má breyta út af þingsköpum þessum, ef 3/4 þeirra fulltrúa, sem á fundi eru, samþykkja.
- 15.2 Þingforseti gæti þess, að slík afbrigði, ef leyfð eru, gangi aldrei í bága við lög LH.
- 15.3 Um það sem ekki er fjallað í þessum þingsköpum, gilda almennar reglur um þingsköp.

16. grein

- 16.1 Þingsköp þessi öðlast gildi frá og með 54. landsþingi LH.